

Umhverfis- og skipulagsþjónusta Hafnarfjarðarbæjar
Norðurhelli 2
221 Hafnarfjörður



Minjastofnun
Íslands

Reykjavík, 18. október 2016
Tilvísun 201610-0058; 4687

Efni: Selvogsgata 12, Hafnarfirði – hækkun húss – endurskoðuð tillaga.

Í tölvupósti 11.10.2016 leitar Gunnþóra Guðmundsdóttir arkitekt hjá Umhverfis- og skipulagsþjónusta Hafnarfjarðarbæjar eftir álit Minjastofnunar Íslands á endurskoðaðri tillögu að breytingum á húsinu Selvogsgötu 12. Með erindinu fylgja uppdrættir teiknistofunnar Kvarða dags. 6.10. 2016. Sótt er um leyfi til að hækka ris hússins, setja á það kvisti og svalir á suðurgafli. Minjastofnun fjallaði um sama erindi í umsögn 24.8. 2016.

Í fasteignaskrá er húsið við Selvogsgötu 12 talið byggt árið 1946. Samkvæmt upplýsingum frá Byggðasafni Hafnarfjarðar er það virt til brunabóta árið 1926 og má því telja það rétt byggingarár. Eigendum húsa sem byggð voru 1925 eða fyrr sem hyggjast breyta þeim, flytja þau eða rífa er skylt að leita álit Minjastofnunar, sbr. 1. mgr. 30. gr. laga nr. 80/2012. Þar sem ár vantar upp á að Selvogsgata 12 falli undir ákvæði laganna er hér gefið leiðbeinandi álit Minjastofnunar. Húsið stendur innan svæðis sem nýtur hverfisverndar skv. aðalskipulagi Hafnarfjarðar, þar sem kveðið er á um að leita skuli álit Minjastofnunar.

Eins og fram kom í umsögn Minjastofnunar 24.8.2016 samræmist hækkun hússins við Selvogsgötu 12 ríkjandi byggðamynstri á svæðinu. Dregið hefur verið úr umfangi svala á suðurgafli frá fyrri tillögu og þær miðjustar. Stærð þakkvista er óbreytt og virka þeir enn hlutfallslega of stórir miðað við stærðarhlutföll hússins. Hluti vandans er að þakbrúnir þeirra eru teiknaðar of breiðar og ná of langt út fyrir vegg. Þá þarf að aðlaga hlutföll og deilingu glugga og frágang klæðningar umhverfis þá betur að einkennandi deililausnum járnklæddra timburhúsa frá sama tíma.

F.h. Minjastofnunar Íslands,


Guðný Gerður Gunnarsdóttir

Minjavörður Reykjavíkur og nágrennis


Pétur H. Ármannsson arkitekt

sviðsstjóri umhverfis og skipulags

Afrit í tölvupósti :

Umhverfis- og skipulagsþjónusta Hafnarfjarðarbæjar, Gunnþóra Guðmundsdóttir (gunnthora@hafnarfjordur.is)

Gísli Gunnarsson, Kvarði teiknistofa (kvardi@kvardi.is)

Byggðasafn Hafnarfjarðar, Rósa Karen Borgþórsdóttir, (rosakaren@hafnarfjordur.is)

Ákvarðanir Minjastofnunar Íslands sem byggja á lögum um menningarminjar nr. 80/2012, gr. 29., 30., 31., 32., 33., 34. og 35. eru kærarlegar til æðra stjórnvalds, þ.e. forsætisráðuneytis. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 getur aðili máls óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.

[Faint signature]

[Faint signature]